

Reglur um leikskólalþjónustu

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum borgarinnar. Þegar reglurnar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla er það sérstaklega tekið fram.

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun

Reykjavíkurborg starfrækir 78 leikskóla. Á heimasíðu Leikskólasviðs, www.leikskolasvid.is, er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og eftir hverfum.

Innritun í leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum [Rafræna Reykjavík](#), þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna [hér](#). Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl á því ári sem þau verða tveggja ára. Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista við eins árs aldur og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári.

Foreldrar geta sótt um fleiri en einn leikskóla fyrir barn sitt. Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Það sama gildir í meginatriðum um sjálfstætt starfandi leikskóla.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 17:30 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu klukkustundir á dag.

Leikskólar eru lokaðir fimm daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir tveir geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki fjögurra vikna sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelld í tvær til fjórar vikur.

1.c Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla

Í Reykjavík eru átján sjálfstætt starfandi leikskólar og eru þeir með þjónustusamning við Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. Lista yfir sjálfstætt starfandi leikskóla er að finna á heimasíðu Leikskólasviðs, www.leikskolasvid.is. Þjónustusamningur Leikskólasviðs við

sjálfstætt starfandi leikskóla felur í sér að Leikskólasvið greiðir framlag til þeirra vegna barna sem uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun og innheimtu leikskólagjalda. Leikskólasvið sér þó um innritun og innheimtu í leikskólana Mánagarð og Mýri.

Leikskólasvið gerir ekki þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur. Um framlag Leikskólasviðs vegna vistunar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur fer eftir sérstöku samkomulagi sveitarfélaga, sjá nánar www.samband.is/template2.asp?id=2160.¹

Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið leikskolasvið@reykjavik.is.

Leikskólasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrir en að uppsagnarfresti liðnum.

Nánari upplýsingar um framlag Leikskólasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er að finna á vef Leikskólasviðs, www.leikskolasvid.is.

2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við Leikskólasvið.

Leikskólasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að Leikskólasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Leikskólasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því Leikskólasvið greiðir ekki framlag á nýjan stað fyrir en að uppsagnarfresti liðnum, þó að hámarki í einn mánuð miðað við uppsögn 1. eða 15. hvers mánaðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu. Þetta á einnig við um framlag Leikskólasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvallar í leikskólum borgarinnar og til framlags Leikskólasviðs.

Foreldrar sem hyggjast flytja til Reykjavíkur geta sótt um leikskóladvöl fyrir barn sitt en leikskóladvöl getur ekki hafist fyrir en barnið hefur skráð lögheimili og fasta búsetu í Reykjavík. Þetta á einnig við um framlag Leikskólasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

2.a Undantekningar frá kröfu um lögheimili í Reykjavík

Börnum, sem flytja milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er heimilt að dvelja áfram í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt er úr í allt að sex mánuði frá flutningi lögheimilis ef ætla má að barnið innritist í leikskóla í nýja sveitarfélaginu innan sex mánaða. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sé barn á lokaári í leikskóla eða ef barnið er fatlað og sú þjónusta sem barnið þarf á að halda er ekki fyrir hendi í nýja sveitarfélaginu geta tímamörk verið rýmri en sex mánuðir. Sækja skal fyrirfram um slíka undanþágu á netfangið

¹ Tekur gildi 1. janúar 2010, sjá 10. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

leiskolasvid@reykjavik.is. Fyrirkomulag þetta byggir á sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskyldur sem hafa lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið í Reykjavík við nám eða störf geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólagjöldum liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið leiskolasvid@reykjavik.is og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Starfsfólki í leikskólum borgarinnar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum, er heimilt að sækja um leikskólapláss í Reykjavík. Umsóknir skulu sendar á netfangið leiskolasvid@reykjavik.is. Hætti starfsmaður störfum í leikskólum borgarinnar, gildir fyrrgreint samkomulag um flutning barna milli sveitarfélaga.

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Reykjavík við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss í leikskólum borgarinnar, þó að hámarki í þrjú mánuði á ári hverju. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið. Gjald fyrir slíka þjónustu er u.þ.b. 50% af meðalraunkostnaði við leikskóladvöl barna í leikskólum borgarinnar, sjá nánar gjaldskrá Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar hér.

3. Flutningur milli leikskóla

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann á sérstöku eyðublaði hjá leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið dvelur. Þetta á einnig við um börn sem dvelja í sjálfstætt starfandi leikskólum og óska eftir flutningi í borgarrekin leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Flutningar milli leikskóla fara einkum fram á tímabilinu júní til september ár hvert.

4. Forgangur að leikskóla

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsóknum um forgang skal skila á Leikskólasvið Reykjavíkurborgar á þar til gerðu eyðublaði hér. Verkefnastjóri sérkennslu ber ábyrgð á afgreiðslu umsóknar.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

I. Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik.

Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

II. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.

- a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- b) Alvarleg veikindi eða fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.
Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
- d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra

en 9 ára.
e) Þrífurur.

III. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Liðir I. og II. hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

5. Úthlutun leikskólaplássna, dvalarsamningur og uppsögn foreldra

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu júní - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássna fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar á hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássni eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássnið innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássnið.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássnið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá Leikskólasviðs og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Sækja skal um breytingar á sérstöku eyðublaði hjá leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið dvelur í.

6. Gjaldtaka

Reykjavíkurborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar og afsláttar fyrir elsta árgang í leikskólanum á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er birt á heimasíðu sviðsins, www.leikskolasvid.is.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Gjaldskráin getur breyst án fyrirvara.

Gjaldskrá fyrir námsgjald er þrískipt:

Gjaldflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.

Gjaldflokkur II = Hjón og sambúðarfolk þar sem annað er í námi, sjá nánar í gr. 6.a.

Gjaldflokkur III = Hjón og sambúðarfolk þar sem bæði eru í námi, einstæðir foreldrar, öryrkjar og starfsmenn í leikskólum Reykjavíkurborgar. Sjá nánar í gr. 6.a, 6.b, 6.c. og 6.f.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til Leikskólasviðs.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.a Námsmannaafsláttur

Afslátt af námsgjaldi fá námsmenn sem:

- eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám í dagskóla sé að ræða.
- eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám í dagsskóla, að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám í dagskóla sé að ræða.

Fjarnám veitir ekki rétt til afsláttar af námsgjaldi.²

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem skólavottorði er skilað til Leikskólasviðs.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

Þetta á einnig við um framlag Leikskólasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.b Afsláttur til einstæðra foreldra

- Afsláttur er veittur að fenginni umsókn foreldris. Umsókn skal endurnýjuð árlega, fyrir 15. ágúst og afhenda leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla.³
- Foreldri/forráðamaður sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá.
- Leikskólasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að þeir undirriti staðfestingu þess efnis.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er afsláttur veittur frá þeim degi sem umsókn berst Leikskólasviði svo fremi að upplýsingar um breytta hjúskaparstöðu komi fram í þjóðskrá.

Afsláttur er veittur frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

Þetta á einnig við um framlag Leikskólasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.c Afsláttur vegna örorku

- Foreldri sem er 75% öryrki fær afslátt af námsgjaldi.

² Eldri regla um að fjarnám vegna kennaranáms veiti rétt til afsláttar heldur gildi sínu út skólaárið 2009 til 2010, sjá 10. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

³ Tekur gildi 1. janúar 2010, sjá 10. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

- Skila skal umsókn fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku.

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem afrit örorkuskírteinis berst Leikskólaskólasviði. **Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.**

Þetta á einnig við um framlag Leikskólasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.d Systkinaafsláttur

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar, hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskólum er veittur 100% afsláttur af námsgjaldi fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og yngra systkini. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin.

Upplýsingar um framlag Leikskólasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum má sjá á www.leikskolasvid.is.

6.e Afsláttur fyrir börn í elsta árgangi

Leikskólasvið veitir afslátt af námsgjaldi sem nemur þremur klukkustundum á dag vegna barna í elsta árgangi (þ.e. frá 1. september á því ári sem barn verður fimm ára).

Upplýsingar um framlag Leikskólasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum má sjá á www.leikskolasvid.is.

6.f Afsláttur vegna barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Leikskólastjórar í leikskólum Reykjavíkurborgar geta sótt um afslátt af námsgjaldi fyrir börn starfsmanna sinna. Umsókn skal skilað til Leikskólasviðs. Reglur um afslátt starfsmanna má sjá í umsóknareyðublaði sem má nálgast [hér](#).

6.g Veikindi barns

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa Leikskólasvið um að barnið hafi hafið leikskóladvöl að nýju. Leikskólasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta leikskólagjöld afturvirkur komi í ljós að ekki hafi verið greitt fullt gjald eftir að barn hóf leikskólagöngu að nýju.

7. Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis sérkennslu Leikskólasviðs.

Þetta á einnig við um framlag Leikskólasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

8. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings

Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram þegar greitt er með greiðsluseðlum eða

beingreiðslum en eftir á þegar greitt er með boðgreiðslum (kreditkorti). Gjaldþagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt ellefu mánuði á ári, þar sem öll börn skulu taka fjögurra vikna sumarleyfi. Til einföldunar eru leikskólagjöld ekki innheimt í júlímánuði, þó svo að börn taki sumarleyfi á öðrum tíma.

Hætti barn í leikskóla eftir 1. júlí er innheimt fyrir þann hluta júlímánaðar er barnið dvelst í leikskólanum nema í því tilfalli að barn taki samfellt fjögurra vikna sumarleyfi áður en það hættir í leikskólanum. Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr. reglna um leikskólaláþjónustu.

8.a Innheimtuferill vegna vanskila

Séu leikskólagjöld enn ógreidd að eindaga liðnum fær greiðandi sent ítrekunarbref.

Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjaldþaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um og greiða skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjaldþaga.

Auk hefðbundinna dráttarvaxta fellur kostnaður við útsendingu ítrekunarbrefa og innheimtu á greiðanda.

8.b Uppsögn leikskólavalar

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjaldþaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Leikskólasvið áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum við Leikskólasvið. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólaláss í tvo mánuði er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

9. Lagareglur og kæruleiðir

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir Leikskólasviðs og sjálfstætt starfandi leikskóla um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til menntamálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir Leikskólasviðs um gjaldtöku fyrir barn á leikskóla er hægt að kæra til menntamálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðrar ákvarðanir Leikskólasviðs er kveða á um rétt eða skyldu manna er unnt að kæra til samgönguráðuneytis á grundvelli 103. gr. laga sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, með síðari breytingum, enda sé um að ræða vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna.

Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

10. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2009.

2. mgr. 1. gr. c um niðurgreiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla utan reykjavíkur tekur gildi 1. janúar 2010.

6. gr. a um rétt til afsláttar vegna fjarnáms kennaranáms heldur gildi sínu út skólaárið 2009 til 2010.

6. gr. b. um umsókn einstæðra foreldra tekur gildi 1. janúar 2010. Núgildandi afslættir einstæðra af leikskólagjöldum falla úr gildi frá þeim tíma hafi forráðamaður ekki skilað umsókn til leikskólastjóra.

Samþykkt á fundi leikskólaráðs 23. september 2009